

Hálfsársuppgjör viðskiptabanka:

Margt áunnist – mörgu ólokið

Eiginfjárstaða og lausafjárstaða viðskiptabankana er tiltölulega góð. Taka þarf samt tillit til þess að þeir starfa í skjóli gjaldeyrishafta og afnám þeirra getur haft töluverð áhrif á lausafjárstöðu þeirra. Jafnframt eru alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir mjög óaðgengilegir og óvíst hvernig þróun þeirra verður.

Rekstrarkostnaður kerfisins er nokkuð hár og tækifæri til hagræðingar eru til staðar. Það er þó ljóst að kostnaðarsamt er fyrir fjármálamarkaðinn að endurskipuleggja skuldir í svo miklum mæli sem raun ber vitni hér á landi. Í þekktum bankakreppum hliðstæðum þeirri íslensku, þó ekki jafn kerfislega stórum, hefur það tekið bankakerfið um 3 til 5 ár að vinna sig út úr erfiðleikum.

Þróun á eignasöfnum bankanna sýnir að upphaflegt kaupverð hefur verið varfærið. Af þessu hafa bæði nýju bankarnir og kröfuhafar gömlu bankana notið góðs. Mikilvægt er að endurskipulagningu skulda og uppgjóri milli gömlu og nýju bankana ljúki sem fyrst.

- Eigið fé hefur styrkst og eiginfjárlutföll bankanna eru tiltölulega góð
- Lausafjárstaða bankanna telst góð og uppfylla þeir kröfur FME og SÍ
- Enn er töluverð óvissa í útlánasöfnum, há vanskil eru í kerfinu
- Endurskipulagning útlána þokast áfram en gera þarf enn betur á komandi mánuðum
- Lítil eftirspurn er eftir nýjum lánum
- Rekstrarkostnaður bankanna er að aukast
- Hagnaður af grunnrekstri bankanna er undir kröfum Bankasýslunnar
- Innviðir bankanna þurfa að styrkjast frekar, sérstaklega eftirlits- og uppgjörskerfi

Sterk eiginfjárstaða

Eiginfjárstaða íslenska bankakerfisins er tiltölulega góð. Eiginfjárlutfall þess var 22,5% þann 30. júní 2011. Samanlagt hlutfall eiginfjárþáttar A var 20,0%. Eiginfjárgrunnur íslenska bankakerfisins umfram lágmarkskröfur FME var rúmlega 145 milljarðar króna. Þetta samsvarar um 8,5% af útistandandi lánum til viðskiptavina.

Aukin eiginfjárfkrafa vegna alþjóðlegra reglna

Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar hafið undirbúning að innleiðingu á Basel III reglunum sem m.a. lúta að kröfum um eigið fé og laust fé. Fyrirséð er að með nýjum reglum hækki eiginfjárkröfur á evrópska banka frá og með árinu 2013. Þá taka nýjar lausafjárreglur gildi frá og með árinu 2015 í Evrópu. FME hefur í samvinnu við Seðlabanka Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja hafið undirbúning að framangreindum breytingum. Breytingar á regluverkinu eru ætlaðar til að stuðla að auknum stöðugleika fjármálakerfa.

Endurskipulagning útlána

Fjárhæðir og fjöldi útlána í vanskilum er enn of mikill. Ekki er til alþjóðlegur samræmdur mælikvarði á útlán í vanskilum. Við mat á lánnum í vanskilum og tapsáhættu lítur Fjármálaeftirlitið fyrst og fremst til þess hvort lánþegi sé með lán í 90 daga vanskilum eða lengur. Er þá gengið út frá þeirri skilgreiningu að sé eitt lán viðskiptavinar í vanskilum, þá séu öll önnur lán hans í vanskilum. Samkvæmt þessum mælikvarða eru vanskil útlána rúmlega 30%.

Fjármálaeftirlitið skoðar einnig vanskil út frá þeim mælikvarða að þó að eitt útlán viðskiptavinar sé í vanskilum, þá eigi ekki það sama við um önnur útlán hans. Samkvæmt þeim mælikvarða eru vanskil um 15% af bókfærðu virði útlána. Þessi mælikvarði er oftast notaður í alþjóðlegum samanburði. Hjá bönkum með gott útlánasafn er algengt að þessi mælikvarði sé 1-2% af bókfærðu virði útlána.

Hvort sem miðað er við fyrri eða seinni mælikvarðann eru vanskil útlána enn of há. Fjármálaeftirlitið fylgist reglulega með gæðum útlána bankanna. Fyrr á þessu ári lauk umfangsmiklum útlánaskoðunum hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru óverulegar. Þrátt fyrir það mun Fjármálaeftirlitið áfram framkvæma reglulegar vettvangsskoðanir á útlánnum í bankakerfinu, enda er þar um að ræða helstu eign bankanna sem byggir töluvert á matskenndum forsendum í eignamati.

Kostnaður bankakerfisins

Kostnaður bankakerfisins er enn of hár. Gera má ráð fyrir að það nái ekki raunverulegum viðsnúningi í lækkun kostnaðar fyrr en endurskipulagningu útlána er að mestu leyti lokið. Smæð íslenska markaðarins gerir bönkunum erfitt fyrir að ná fram stærðarhagkvæmni nema að enn frekari sameiningar verði.

Arðsemi

Arðsemi grunnrekstrar viðskiptabankanna hefur verið um 10% af eigin fé undanfarin misseri. Vaxtamunur hefur aukist frá árinu 2009 og er nú um 3,4%, hluta af þeirri hækkun má rekja m.a. til lægri innlánsvaxta. Í samanburði við vaxtamun í nágrannalöndum okkar er hann hár hér á landi. Uppbygging fjármálamarkaða hefur einnig mikil áhrif á afkomu bankakerfisins, til að mynda er velta á hlutabréfamarkaði takmörkuð. Fyrir vikið er lítil aukning í þóknatekjum sem eru hluti af grunntekjum bankanna.

Gagnsæi í reikningsskilum

Fjármálaeftirlitið í samvinnu við Bankasýslu ríkisins og Samtök fjármálafyrirtækja hófu samstarf fyrr á árinu sem varðar birtingu og samræmingu á fjárhagsupplýsingum. Markmið þess er að bæta upplýsingagjöf til lesenda ársreikninga bankanna. Auðvelda á samanburði við greiningu á ársreikningunum, einkum rekstrarreikningi, veita skýrari og einfaldari upplýsingar, auka gagnsæi og að ársreikningarnir nýtist betur við mat á rekstrarhæfi.

Sjá má breytingar í ársreikningum bankanna vegna rekstrarársins 2010 samanborið við 2009. Framsetning liða er með einfaldari og betri hætti, skýrar er greint á milli

virðisaukningar og/eða virðisrýrnunar á yfirteknu eignasafni, sérgreind eru áhrif dótturfélaga í óskyldum rekstri og upplýsingagjöf í skýringum hefur verið bætt.

Ýmislegt hefur þannig áunnist í þessum efnum en nokkuð langt er enn í land. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á það við markaðsaðila og samtök þeirra að íslenska bankakerfið verður ekki enduruppbyggt nema að það byggji á gagnkvæmu trausti. Til þess að aftur ríki traust á bankakerfinu á Íslandi er mikilvægt að upplýsingar um reikningskil bankanna séu gagnsæjar, samanburðarhæfar og nýtist við mat á rekstrarhæfi þeirra. Þetta er meðal þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að fjármálamarkaðir á Íslandi starfi aftur með eðlilegum hætti.

Áhrif skuldakreppunnar á evrusvæðinu á Ísland

Vegna gjaldeyrishaftanna hefur ástandið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum enn sem komið er haft lítil áhrif á íslenska fjármálakerfið og hagkerfið. Skuldakreppan á evrusvæðinu hefur þó bæði bein og óbein áhrif á Ísland. Hún hefur neikvæð áhrif á endurfjármögnun og þróun hagvaxtar um allt evrusvæðið og þar er Ísland ekki undanskilið vegna viðskipta okkar við ríki innan evrusvæðisins. Að mati ýmissa greiningaraðila er útlit fyrir að hagvöxtur í nágrannalöndunum verði minni árin 2011 og 2012 en áætlað var. Fjármálaeftirlitið hefur greint áhrif skuldakreppunnar á evrusvæðinu á íslenska bankakerfið. Áhrifin eru enn sem komið er óveruleg.

Ljóst er að ef kreppan heldur áfram gæti það haft slæm áhrif á íslenska hagkerfið og þar með rekstur bankanna. Rekstrarhagnaður íslenska bankakerfisins hefur haldist jákvæður undanfarin misseri. Þrátt fyrir það verða markaðsaðilar að gæta að því að tryggð sé áfram góð eiginfjár- og lausafjárstaða. Til að tryggja nægilegt eiginfjárhlutfall á móti aukinni áhættu gæti verið æskilegt að takmarka eða jafnvel fresta útgreiðslu arðs.

Frekari upplýsingar veita:

Gunnar Þ Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sími 520 3700

Guðmundur Jónsson, framkvæmdastjóri lánasviðs, sími 520 3700

20. október 2011